



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir smurstöð og bifreiðaverkstæði að Funahöfða 15, F2247451, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Eðalbílar ehf.

Heimilisfang: Funahöfði 15

Póstnúmer: 110

Kennitala: 690409-1940

Útgáfudagur leyfis: 7. nóvember 2024

Gildir til: 7. nóvember 2036

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum starfsskilyrðum fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 7. nóvember 2024


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Eðalbíla ehf.

kt. 690409-1940

Funahöfða 15

vegna smurstöðvar og bifreiða- og vélaverkstæðis í starfstöð fyrirtækisins að Funahöfða 15

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1 hér að neðan.	02.01.2024
Rekstraraðili, kt.	Eðalbílar ehf, kt:690409-1940
Heiti fyrirtækis	Eðalbílar ehf.
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Funahöfði 15, F2247451, 01 0101.
Tegund starfsemi	Smurstöð sbr. lið 91 í viðauka IV í lögum nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og bifreiða- og vélaverkstæði sbr. lið 5 í viðauka IV í lögum nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
Tilfni umsóknar	Flutningur í nýtt húsnæði
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Ekki var talin ástæða til að leita samþykkis byggingarfulltrúa vegna þess að sambærileg starfsleyfisskyld starfsemi hafði áður verið í starfstöð.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	Auglýsing á tillögu að starfsleyfi var birt á heimasíðu HER frá 4.október 2024 til 1.nóvember 2024. Í tillögunni var lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir smurstöðvar og samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur.
Starfsemin var háð / var ekki háð málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sjá nánar í kafla 3 hér að neðan	Starfsemin var ekki háð málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1803, afgreiðslufund HER þann 07.11.2024. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.

1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis - Umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Ekki var talin þörf á því að leita umsagnar byggingarfulltrúa þar sem að sambærileg starfsleyfisskyld hafði verið starfandi í starfsstöðinni.

3. Málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

„Starfsemin er ekki háð málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.“

4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit/starfsleyfi-tillogur-i-auglyssingu-og-utgefin-leyfi>



5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

7. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir 1803 afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 07.11.2024. Samþykkt var að gefa út starfsleyfi til 12 ára.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík dags. 10. september 2025

Rúnar Grímsson
Heilbrigðisfulltrúi